

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja er 35 km á klst. innan kaups- og kaupstaðarmarkanna. Reglur þessar gilda þó ekki um umferð á Reykjanesbraut og Vífilsstaðavegi.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. febrúar 1962.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

28. febrúar.

Nr. 14.

REGLUR

um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

A-liður V. kafla reglnanna orðist þannig:

129. gr.

Þjóðfáni.

Öll skip önnur en opnir bátar skulu hafa hæfilega stóran þjóðfána.

130. gr.

Alþjóða merkjafánar.

Öll skip 250 rúml. og þar yfir skulu hafa alþjóðamerkjaflögg og merkjabók. Skip, sem eru 50 rúml. og allt að 250 rúml., skulu hafa alþjóðamerkjafánann, G. = Mig vantar hafnsögumann.

131. gr.

Áttavitar.

(a) Á skipum stærri en 200 rúml. skulu vera tveir vökvaáttavitar á föstum samastað.

Á 50—200 rúml. skipum skal vera einn uppsettur vökvaáttaviti og annar til vara, geymdur á öruggum stað. Skal vara-áttavitinn vera af sömu gerð og hinn, þannig að fljótlegt sé að koma honum á stað hins fast uppsetta.

Á skipum undir 50 rúml. með þilfari skal vera einn vökvaáttaviti.

Á opnum bátum skal vera áttaviti og honum komið fyrir á hentugum stað.

Gerð vökvaáttavita.

(b) Vökvaáttavitar skulu hafa vottorð um gæði frá mönnum, sem að mati skipaskoðunarstjóra eru dómbærir í þessum efnum. Skál áttavita, veltiásar og náthús skulu gerð úr efni, sem ekki hefur áhrif á segulnalar hans.